



Fundargerð

Svæðisráð norðursvæðis - 86. fundur svæðisráðs norðursvæðis haldinn á fjarfundi, þriðjudaginn 11. janúar 2022, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Anton Freyr Birgisson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Skútustaðahrepps, Kolbrún Ada Gunnarsdóttir, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Norðurbings, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, aðalfulltrúi Þingeyjarsveitar, Grétar G. Ingvarsson, aðalfulltrúi Samtaka útivistarfélaga, Hjördís Finnbogadóttir, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamtaka, Hjalti Páll Þórarinnsson, varafulltrúi Ferðamálasamtaka Norðurlands eystra, Guðmundur Ögmundsson, þjóðgarðsvörður, Anna Þorsteinsdóttir, þjóðgarðsvörður á norðursvæði - hálendi, Guðrún Jónsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar - Jökulsárgljúfur, Stefanía Eir Vignisdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar - hálendi.

1. Ferlar og reglur vegna stjórnar og svæðisráða Vatnajökulsþjóðgarðs - 2103013

Lögfræðingur Vatnajökulsþjóðgarðs, Ingibjörg Halldórsdóttir, flutti glærukynningu er bar titilinn "Svæðisráð VJP: mótun verklags og innleiðing góðra stjórnhátta".

Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur Vatnajökulsþjóðgarðs, sat fundinn undir þessu lið.

2. Dettifoss að austanverðu - tillaga að breytingu á þjónustusvæði - 2201021

Þjóðgarðsvörður í Jökulsárgljúfrum kynnti fyrir svæðisráði hugmyndir um tilfærslu á bílastæði og salernum á svæðinu austan við Dettifoss.

Svæðisráð gerir ekki athugasemdir við framlagðar hugmyndir.

3. Norðursvæði hálendi - af vettvangi - 1909020

Þjóðgarðsvörður í Mývatnssveit fór yfir helstu mál er varða daglegan rekstur starfsstöðvarinnar.

4. Norðursvæði Jökulsárgljúfur - af vettvangi - 1910005

Þjóðgarðsvörður í Jökulsárgljúfrum fór yfir helstu mál er varða daglegan rekstur svæðisins.

Fundargerð ritaði: Anna Þorsteinsdóttir.

Fundi slitið kl. 15:00.